



263. fundur í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á skrifstofu SASS að Austurvegi 56, Selfossi, þriðjudaginn 30. janúar, 2018 kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ágúst Sigurðsson, Anna Björg Nielsdóttir Ari Björn Thorarensen, og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð. Auk þess sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, og Stefán Gíslason, ráðgjafi.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Landsamband sumarhúsaeyganda

Sveinn Guðmundsson, formaður Landssambands sumarhúsaeyganda sem sat fundinn undir þessum lið. Formaður gerði grein fyrir tillögum sem samþykktar hafa verið og unnið er eftir á vettvangi SOS. Rætt var um möguleika til aukinnar flokkunar sorps í sumarhúsabyggðum. Fram kom áhersla hjá Sveini á nærþjónustu, s.s. þjónustu við sumarhúsasvæðin. Aðilar seru sammála um að samtalið haldi áfram og landssambandið komi upplýsingum til félagsmanna varðandi það hvaða verkefni eru yfirvofandi í úrgangsmálum og er Stefáni falið að vera í sambandi við Svein um efni sem nýtist í því sambandi.

2. Brú Lífeyrissjóður

Bjarni Guðmundsson fór yfir stöðu mála varðandi lífeyrisskuldbindingar Sorpstöðvar Suðurlands vegna lagabreytinga sem tóku gildi 1. janúar 2017. Stjórnin samþykkir að greiða kröfuna í einu lagi, kr. 3.759.169. Fjármagnið verði tekið af handbæru fé. Stjórnin felur Bjarna Guðmundssyni að skrifa undir samkomulagið við Brú.

3. EFLA, styrkbeiðni

Styrkbeiðni frá Eflu vegna rannsóknar á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum urðunarstöðvum. Stjórnin samþykkir að veita 300.000 kr. styrk til verkefnisins.

4. Viðræður við SSH

Farið var yfir stöðu mála hvað varðar viðræður um mögulegan urðunarstað á Nessandi. Kynnt voru þau gögn sem unnin hafa verið.

5. Samráðsnefnd á Suðvesturlandi

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar samráðsnefndarinnar sem haldinn var 10. janúar 2018.

6. Viljayfirlýsing sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Kynnt voru drög að viljayfirlýsingu um að formgera samstarf sorpsamlaganna á svæðinu. Stjórnin felur formanni að undirrita viljayfirlýsinguna fyrir hönd Sorpstöðvar Suðurlands.

7. Tillögur stjórnar SOS um úrgangmál á Suðurlandi.

Stefán Gíslason fór yfir stöðu verkefna.

8. Önnur mál

- a) Næsti fundur verður 6. mars nk á Selfossi
- b) Ný löggjöf um persónuvernd, rætt var um vinnu við innleiðingu persónuverndarlöggjafar.
- c) Orkugerðin, farið var yfir kostnað af störfum stjórnarmanns.

Fundi slitið kl. 17:20.